

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 29. júní 2023

Mál nr. E-5452/2022:

GX Holding

(*Sveinn Andri Sveinsson lögmaður*)

gegn

ACE FBO Reykjavík ehf.

(*Ólafur Eiríksson lögmaður*)

Úrskurður

1. Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 2. júní 2023, er höfðað 23. nóvember 2022 af GX Holding Limited., [...], [...], [...], Cayman-eyjum, á hendur ACE FBO Reykjavík ehf., [...], Reykjavík.
2. Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 42.000 evrur auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, n.t.t. 1. mgr. 5. gr. laganna og 6. gr. sömu laga af:

EUR 2.000 frá 30. nóvember 2018 til 31. desember 2018

EUR 4.000 frá þeim degi til 31. janúar 2019

EUR 6.000 frá þeim degi til 28. febrúar 2019

EUR 8.000 frá þeim degi til 31. marz 2019

EUR 10.000 frá þeim degi til 30. apríl 2019

EUR 12.000 frá þeim degi til 31. maí 2019

EUR 14.000 frá þeim degi til 30. júní 2019

EUR 16.000 frá þeim degi til 31. júlí 2019

EUR 18.000 frá þeim degi til 31. ágúst 2019

EUR 20.000 frá þeim degi til 30. september 2019

EUR 22.000 frá þeim degi til 31. október 2019

EUR 24.000 frá þeim degi til 30. nóvember 2019

EUR 26.000 frá þeim degi til 31. desember 2019

EUR 28.000 frá þeim degi til 31. janúar 2020

EUR 30.000 frá þeim degi til 29. febrúar 2020

EUR 32.000 frá þeim degi til 31. marz 2020

EUR 34.000 frá þeim degi til 30. apríl 2020
EUR 36.000 frá þeim degi til 31. maí 2020
EUR 38.000 frá þeim degi til 30. júní 2020
EUR 40.000 frá þeim degi til 31. júlí 2020 og
EUR 42.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

3. Stefnandi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar.
4. Krafa stefnda um að málinu verði vísað frá dómi er til úrlausnar í úrskurði þessum og krefst stefnandi þess að þeirri kröfu stefnda verði hrundið og að málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar, auk þess sem krafist er málskostnaðar.

Helstu málsatvik sem máli skipta í þessum þætti málsins

5. Stefnandi er félag stofnað á Cayman-eyjum, en þær eru bresk hjálenda í vesturhluta Karíbahafs með heimastjórn. Málinu er stefnt til greiðslu reikninga sem gefnir voru út á hendur stefnda. Heldur stefnandi því fram að reikningarnir séu tilkomnir vegna starfa fyrirsvarsmanns stefnanda við fjármálastjórn í þágu stefnda, en stefndi mótmælir réttmæti reikninganna og grundvelli þeirra.
6. Forsvarsmaður stefnanda og forsvarsmaður hins stefnda félags eru fyrrum sambúðarmakar og eiga saman barn.

Málsástæður stefnda sem lúta að frávísun

7. Stefnandi byggir á því að málatilbúnaður stefnanda sé ekki svo skýr og glöggur að uppfylli áskilnað 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi byggir á ætluðum samningi en hvorki sé fjallað í stefnu um efni hans, hvenær hann hafi verið gerður eða hvers vegna, né hafi verið lögð fram gögn sem gefi vísbendingu þar um. Sé ekki heldur gerð grein fyrir því hvers vegna stefnandi sé kröfuhafi vegna ætlaðrar vinnu fyrirsvarsmanns félagsins fyrir stefnda og sé ekkert fjallað um í hverju sú meinta vinna hafi falist. Sé í engu útskýrt hvað liggja að baki framlögðum reikningum vegna vinnunnar, auk þess sem stefnukrafa sé hvorki sundurliðuð né rökstudd í stefnu.
8. Í stefnu sé stefnandi tilgreindur að Miðsölum 5 í Kópavogi en stefndi telji félagið hafa verið stofnað og skráð á Cayman-eyjum. Hafi hann leitað svara hjá lögmanni stefnanda sem hafi svarað því til að félagið væri með skráð aðsetur að Miðsölum en stofnað á Cayman-eyjum. Samkvæmt fyrirtækjaskrá sé einungis eitt félag, og það ekki stefnandi, skráð að Miðsölum 5, en eins og komi fram í úrskurði héraðsdóms frá 5. janúar 2023 í málinu sé félagið væntanlega skráð þar sem það var stofnað, á Cayman-eyjum. Stefna málsins uppfylli ekki skilyrði a-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 en sérlega mikilvægt

sé að það sé uppfyllt þegar stefnandi máls sé erlent félag án íslenskrar kennitölu eða aðseturs. Eigi þetta að leiða til frávísunar og var af hálfu stefnda bent á í málflutningi að þetta geri það að verkum að ekki sé hægt að ganga úr skugga um aðildarhæfi stefnanda. Erlendar lögpersónur geti átt aðild að dómsmálum hér á landi sé sömu skilyrðum fullnægt og gildi um innlenda aðila, en aðildarhæfi íslenskra hlutafélaga og einkahlutafélaga sé bundið við skrásetningu þeirra í samræmi við ákvæði viðeigandi laga.

9. Stefnandi hafi að framangreindu virtu ekki lagt þann grundvöll að málinu að efnisdómur verði á það lagður og að með sanngirni sé hægt að ætlast til að stefndi geti gripið til varna. Beri að vísa málinu frá dómi þar sem málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki skilyrði a-, e- og g-liða 1. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991, auk þess sem hann sé í andstöðu við meginreglu einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað.

Málsástæður stefnanda vegna kröfu stefnda um frávísun

10. Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda andmælti lögmaður stefnanda sjónarmiðum stefnda og krafðist þess að kröfunni yrði hrundið. Málatilbúnaður stefnanda sé ekki óskýr. Hann byggir á munnlegum samningi aðila og hafi stefnandi ekki mátt vita að varnir stefnda myndu byggjast á því að efni sammingsins væri óupplýst. Í ljósi þeirra varna muni sönnunarfærsla fyrir dómi lúta að því. Reikningsgerð hafi verið með eðlilegum hætti enda geti verið fólgið hagræði í því að gefa út reikning á nafni lögpersónu fremur en einstaklings. Þá hafi kröfurnar verið bókaðar inn í bókhald stefnda, eins og gögn sýni. Málið snúist um það hvort skuld sé til staðar í samræmi við þann lánardrottnalista eins og reyna muni á í sönnunarfærslu fyrir dómnum.
11. Bendir stefnandi á að enginn vafi ríki gagnvart stefnda á því hver sé stefnandi málsins, en það sé tilgangurinn að baki a-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sem rekja megi til eldri laga sama efnis nr. 85/1936. Fyrirsvarsmenn beggja aðila séu fyrrum sambýlisfólk og eigi barn saman. Félag í eigu fyrirsvarsmanns stefnda hafi í félagi við stefnanda átt önnur félög, eins og framlögð gögn sýni. Þurfi stefndi því ekki að velkjast í neinum vafa um hver stefnandi sé. Leiðrétt hafi verið og stutt gögnum hvert aðsetur stefnanda sé, en hið rétta sé að fyrirsvarsmaður stefnanda, en ekki stefnandi sjálfur, hafi verið með aðsetur í Miðsölum.
12. Óumdeilt sé að stefnandi hafi verið stofnaður sem félag á Cayman-eyjum. Njóti félagið fulls aðildarhæfis. Hafi það enda deilt eignarhlutdeild í félögum með stefnda sem hafi þannig samþykkt aðildarhæfi stefnanda á fyrri stigum. Blasi við að hafi stefnandi getað átt hluti með stefnda geti það átt aðild að máli þessu. Liggi fyrir í málinu ársreikningar þriggja félaga sem sýni að stefnandi sem félag eigi helmingshlut í íslenskum félögum.

Niðurstaða

13. Frávísunarkrafa stefnda er annars vegar byggð á málsástæðum er varða skýrleika mála-tilbúnaðar stefnanda og hins vegar er varða skráningu stefnanda sem félags. Skýrðist nánar í munnlegum málflutningi varðandi síðargreinda atriðið að stefndi telur vafa leika á aðildarhæfi stefnanda.
14. Þótt lýsingar í stefnu séu knappar verður af stefnu og framlögðum gögnum ráðið hver grundvöllur málsóknarinnar sé og hverjar málsástæður stefnanda séu. Ber málatilbúnaður hans með sér að vera reistur á því að stefndi skuldi stefnanda peninga vegna fjármálastjórnar sem fyrirvarsmaður stefnanda hafi sinnt fyrir stefnda á grundvelli samnings. Kemur fram í stefnunni að fyrirvarsmaður stefnanda sé jafnframt eigandi félagsins og gerist þá ekki þörf frekari reifunar á aðild stefnanda, enda hefur fyrirvarsmaður hans þá í hendi sér hvort gefnir eru út reikningar vegna vinnu hans í eigin nafni eða á nafni stefnanda, eins og hér var gert. Samningi aðila er ekki nánar lýst í stefnunni en til þess er að líta að fyrirvarsmenn þeirra félaga sem eru málsaðilar eru fyrrum sambúðarmakar og var því lýst í munnlegum málflutningi af hálfu stefnanda að um munnlegan samning væri að ræða. Má því ætla að aðilar búi yfir jafnmiklum upplýsingum um meintan samning og hallar ekki á stefnda í þeim efnum. Auk þess gefst færi til að upplýsa nánar um tilvist og efni samningsins með sönnunarfærslu fyrir dóminum. Tiltekið er í stefnu að reikningar að baki stefnufjárhæðinni séu tilkomnir vegna umfangsmikillar fjármálastjórnar fyrir stefnda og systurfélag. Gildir það sama og áður, að aðilar ættu báðir að búa yfir upplýsingum hvað þetta varðar, auk þess sem frekari sönnunarfærsla er til þess fallin að varpa á þessi atriði frekara ljósi. Heyrir þessi ágreiningur aðila um meintan samning og ætlaða vinnu við fjármálastjórn þannig fremur undir efni máls en form, auk þess sem ekki verður séð að vörnum stefnda hafi orðið áfátt vegna knappra lýsinga á þessum atriðum í stefnu. Hvað varðar athugasemdir stefnda um að stefnukrafa sé hvorki sundurliðuð né rökstudd í stefnu verður ekki séð að það sé til þess fallið að koma niður á möguleikum stefnda til að halda uppi vörnum enda felur dómkrafan sjálf í sér bæði samtölu og sundurliðun stefnufjárhæðar og er sú sundurliðun studd gögnum sem lögð voru fram við þingfestingu málsins. Að teknu tilliti til framangreinds verður málinu ekki vísað frá vegna vanreifunar á því hvernig aðild stefnanda sé tilkomin og verður ekki heldur fallist á að þeim málatilbúnaði stefnanda sem rakinn var sé svo áfátt að skilyrðum e- og g-liða 1. mgr. 80. gr., 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991 eða meginreglum einkamálaréttafars sé ekki fullnægt.
15. Í a-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 er tekið fram að greina skuli svo glögggt sem má í stefnu nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað. Stefnandi er félag og nafn þess er tilgreint í stefnu, það hefur ekki íslenska kennitölu og aðsetur fyrirvarsmanns stefnanda var ranglega tilgreint í stefnu sem aðsetur félagsins. Með heimild dómsins, sbr. dóm Hæstaréttar frá 9. janúar 2013 í mali nr. 733/2012, lagði stefnandi fram bókun og fylgigögn við upphaf frávísunarflutnings. Liggur nú fyrir rétt heimilisfang stefnanda á

Cayman-eyjum. Verður ekki séð að nein réttarspjöll hafi orðið vegna þessa. Að því virtu og með vísan til dómaframkvæmdar þykir þessi ágalli á stefnunni ekki eiga að leiða til frávísunar málsins, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 9. júní 2016 í máli nr. 402/2016. Hefur dómurinn einnig í huga að stefnda getur ekki dulist hver stefnandi er miðað við tengsl aðila og fyrirvarsmanna þeirra í gegnum tíðina, en fyrir dómnum liggja gögn um sameiginlegt eignarhald stefnanda og stefnda á ýmsum félögum.

16. Óháð framangreindri niðurstöðu um að stefnda sé fullljóst hver stefnandi er, þá er deilt um aðildarhæfi stefnanda en fyrir slíku hæfi eru hlutræn skilyrði. Vafalaust er að erlend félög geta átt aðild að dómsmálum fyrir íslenskum dómstólum svo fremi sem almennum og sérstökum skilyrðum til þess er fullnægt. Hafa fræðimenn gengið út frá því að sömu skilyrðum þurfi að fullnægja og gilda um innlenda málsaðila en þar sem réttarfarslögum sleppir taka við þau sérlög sem eftir atvikum gilda um slíka aðila. Getur félag sem getur átt réttindi og borið skyldur að landslögum átt aðild að dómsmáli, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991, en um hlutafélög og einkahlutafélög gildir að slík félög geta hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur, né heldur verið aðili að dómsmálum almennt, nema þau séu skráð, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
17. Vikið er að því í greinargerð stefnda að hann hafi talið stofnun og skráningu stefnanda sem félags hafa átt sér stað á Cayman-eyjum og hafa báðir aðilar lagt fram gögn sem styðja að stefnandi hafi í öndverðu verið skráður sem félag þar. Hefur stefnandi lagt fram upplýsingar sem bera með sér að hafa verið prentaðar 31. maí 2023 úr gagnagrunni International Consortium of Investigative Journalists, „Offshore Leaks Database“, og munu vera fengnar úr svokölluðum Panama-skjölum sem benda til stofnunar félagsins á árinu 2013. Einnig hefur hann lagt fram útprentaðar upplýsingar um alþjóðlega skráningu stefnanda, sóttar 15. desember 2022 af netinu, þar sem fram kemur að síðasta uppfærsla skrárinnar hafi verið 14. apríl 2021. Báðir aðilar hafa lagt fram tölvupóstsamskipti um einhvers konar viðskiptaþjónustuaðila stefnanda. Í fyrirliggjandi tölvupóstsamskiptum fyrirtækjaráðgjafa þess aðila og fyrirvarsmanns stefnanda frá 14. október 2020 er að finna staðfestingu á heimilisfangi fyrirvarsmannsins við fyrirspurn ráðgjafans. Þá er í tölvupósti viðskiptaþjónustuaðilans frá 15. mars 2022, sem beint er til fyrirvarsmanns stefnda en jafnframt sendur fyrirvarsmanni stefnanda, tekið fram að liðinn sé tímafrestur ársins 2022 fyrir „Registrar of Companies“ og að félög sem ekki hafi greitt árleg gjöld sín eigi á hættu að vera ekki lengur „in Good Standing“. Áminnt er um greiðslu útistandandi reiknings, dags. 27. október 2021, og jafnframt tekið fram hvenær frestur líði vegna greiðslu opinberra gjalda á árinu 2022. Áhrif greiðslufalls eru tiltekin og áréttað að það leiði á endanum til þess að ekki fáiist „Certificate of Good Standing“.
18. Af framangreindu verður ráðið að stefnandi sé félag hvers skráning er forsenda fyrir aðildarhæfi þess. Gögn málsins bera með sér að stefnandi hefur átt réttindi og borið

skyldur í gegnum eignarhald sitt að félögum skráðum hér á landi, svo og að stefnandi hefur verið skráð félag á Cayman-eyjum með milligöngu viðskiptaþjónustuaðila. Þau gögn sem að framan eru rakin vekja hins vegar töluverðan vafa um það hvort félagið sé enn skráð með tilskildum hætti og njóti þar með aðildarhæfis fyrir dómi. Nýlegustu gögn stefnanda vísa til uppfærslu alþjóðlegrar skráningar 14. apríl 2021 en eftir það bera gögn með sér vanskil gjalda og útrunninn frest „Registrar of Companies“ á Cayman-eyjum. Verður ekki annað skilið af tölvupóstinum 15. mars 2022 en að þetta kunni að hafa áhrif á skráningu stefnanda, rétt eins og t.d. vanræksla félags hér á landi á að sinna tilkynningarskyldu til hlutafélagaskrár kann að hafa áhrif skv. 108. gr. laga nr. 2/1995, sbr. og 83. gr. laga nr. 138/1994. Með gagnaframlagningu við frávísunarflutning málsins brást stefnandi ekki við með gögnum sem hægt er að telja fullnægjandi um skráningu stefnanda og þar með aðildarhæfi, enda vísa þau til eldri stöðu en áðurgreindur tölvu-póstur sem legið hefur fyrir í málinu frá 16. desember 2022, auk þess sem þau stafa ekki frá opinberum aðilum. Af því ber stefnandi hallann, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 7. janúar 2016 í máli nr. 812/2015 og dóm réttarins frá 25. ágúst 2014 í máli nr. 398/2014. Að virtri þessari vanreifun stefnanda leikur að álitni dómsins svo mikill vafi á að hann njóti aðildarhæfis skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 að vísa verður málinu frá dómi.

19. Samkvæmt 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda eftir þessum úrslitum málsins gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir að teknu tilliti til umfangs málsins hæfilega ákveðinn eins og nánar greinir í úrskurðarorði.
20. Málið flutti Sveinn Andri Sveinsson lögmaður fyrir stefnanda og fyrir stefnda flutti málið Gunnar Jónsson lögmaður af hálfu Ólafs Eiríkssonar lögmanns.
21. Nanna Magnadóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, GX Holding Limited, greiði stefnda, ACE FBO Reykjavík ehf., 450.000 kr. í málskostnað.

Nanna Magnadóttir